

Veðskuld slhf.

Ársreikningur 2018

Veðskuld slhf.
Borgartún 25
105 Reykjavík

kt. 640713-1510

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun óháðs endurskoðanda	2
Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjárfirlit	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8
Óendurskoðuð fylgiskjöl:	
Stjórnarhættir	19
Ófjárhagsleg upplýsingagjöf	20

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Veðskuld slhf. er íslenskt samlagshlutafélag.

Tilgangur félagsins er fjárfesting í veðskuldabréfum, kaup og sala fjármálagerninga, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur. Veðskuld slhf. er fagfjárfestasjóður í rekstri Júpiters rekstrarfélags hf.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu 2018 að fjárhæð 25.580 þús.kr. Eigið fé félagsins nam 382.828 þús.kr. í árslok 2018.

Félagið Veðskuld GP ehf. ber beina og ótakmarkaða áyrgð á öllum skuldbindum félagsins. Ábyrgðaraðili gegnir hlutverki stjórnar og felur rekstraraðila félagsins að tilnefna framkvæmdastjóra.

Hlutfé félagsins á árinu nam 4,0 m.kr. þann 31. desember 2018. Hluthafar voru 20 í upphafi árs og eins í árslok. Tíu stærstu hluthafar félagsins eru sem hér segir:

Hluthafi	Eignarhlutur
Birta lífeyrissjóður	19,9%
Lífeyrissjóður Verslunarmanna	19,9%
Kvika banki hf.	15,9%
Lífeyrissjóður Starfsmanna Ríkisins A-deild	11,9%
Stapi lífeyrissjóður	8,0%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	7,1%
Lífeyrissjóður Starfsmanna Ríkisins B-deild	7,0%
Lífeyrissjóður Verkfræðinga	3,2%
Lífeyrissjóður bænda	1,5%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbankans	1,4%
Aðrir hluthafar, 10 talsins	4,2%
Samtals	100,0%

Enginn starfsmaður starfaði hjá félaginu en daglegur rekstur er í höndum Júpiters rekstrarfélags hf.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2019 vegna rekstrar ársins 2018. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Stjórnarhættir og ófjárhagslegar upplýsingar

Stjórn Veðskuldar slhf. leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgja "Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja" sem Viðskiptaráð Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gáfu út í júní 2015. Félagið er með skráð skuldabréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef Kauphallarinnar. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í köflunum Stjórnarháttayfirlýsing og Ófjárhagsleg upplýsingagjöf sem eru fylgiskjöl með ársreikningnum.




Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga. Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2018 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á árinu og breytingu á eigin fé á árinu.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2019.

Stjórn




Framkvæmdastjóri


Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Veðskuldar slhf.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Veðskuld slhf. („félagið“) fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ársreikningur félagsins 31. desember 2017 var endurskoðaður af öðrum endurskoðanda. Áritunin er dagsett 14. febrúar 2018 og er án fyrirvara.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur sem koma fram í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglanna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar veða þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

Áritun óháðs endurskoðanda

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reynir Gylfason, endurskoðandi, ber ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og þessari áritun.

Reykjavík, 28. mars 2019.

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur og yfirlit um aðra heildarafkomu

	Skýringar	2018	2017
Vaxtatekjur og verðbætur		603.258	592.442
Vaxtagjöld og verðbætur		(513.385)	(196.870)
Vaxtaauki til skuldabréfaeiganda		(90.153)	(9.847)
Gangvirðisbreyting verðbréfa		16.788	0
Hreinar fjármunatekjur		16.509	385.725
Umsýsluþóknun		(24.836)	(29.228)
Rekstrarkostnaður		(17.254)	(4.186)
Niðurfærsla veðskuldabréfa		0	17.185
Rekstrargjöld alls		(42.089)	(16.229)
(Tap) hagnaður og heildarafkoma ársins		(25.580)	369.496
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	11	-6,40	92,37

Skýringar á bls. 8 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýringar	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréfaeign	12	7.311.479	7.723.225
Verðbréf með breytilegum tekjum	13	375.570	0
Fastafjármunir samtals		7.687.049	7.723.225
Næst árs afborgun langtímakrafna	12	172.309	268.475
Aðrar skammtímakröfur		30.422	129.252
Handbært fé		11.910	279.418
Veltufjármunir samtals		214.641	677.146
Eignir samtals		7.901.690	8.400.370
Eigið fé og skuldir			
Hlutafé		4.000	4.000
Lögbundinn varasjóður		1.000	1.000
Óráðstafað eigið fé		377.828	403.408
Eigið fé samtals	14	382.828	408.408
Skuldabréfaútgáfa	15	7.505.857	7.967.781
Langtímalán samtals		7.505.857	7.967.781
Viðskiptaskuldir		2.478	2.655
Áfallnir vextir		10.527	11.620
Aðrar skammtímaskuldir		0	9.907
Skammtímaskuldir samtals		13.005	24.182
Skuldir samtals		7.518.862	7.991.962
Eigið fé og skuldir samtals		7.901.690	8.400.370

Skýringar á bls. 8 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit 31. desember 2018

1. janúar 2018 til 31. desember 2018	Skýringar	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2018	14	4.000	1.000	403.408	408.408
Tap og heildarafkoma ársins				(25.580)	(25.580)
Eigið fé 31. desember 2018		4.000	1.000	377.828	382.828

1. janúar 2017 til 31. desember 2017	Skýringar	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2017	14	4.000	1.000	33.912	38.912
Hagnaður og heildarafkoma ársins				369.496	369.496
Eigið fé 31. desember 2017		4.000	1.000	403.408	408.408

Skýringar á bls. 8 til 17 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit 31. desember 2018

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2018	2017
(Tap) hagnaður og heildarafkoma ársins		(25.580)	369.496
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Niðurfærsla verðbréfaeignar		0	(17.185)
Hreinar fjármunatekjur		(16.509)	0
		(42.089)	352.311
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		129.253	(50.063)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(10.084)	8.757
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		119.169	(41.306)
Fengir vextir og verðbætur		437.238	0
Greiddir vextir og verðbætur		(366.555)	0
Handbært fé frá rekstri		147.763	311.006
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfest í verðbréfum með breytilegum tekjum		(358.782)	0
Keypt/seld veðskuldabréf og afborganir		643.511	1.008.406
Fjárfestingahreyfingar		284.729	1.008.406
Fjármögnunarhreyfingar			
Útgáfa skuldabréfs		0	9.079.400
Afborgun skuldabréfaláns		(700.000)	(1.100.000)
Hlutafjárþækkun		0	(8.996.000)
Greiddur arður		0	(700.000)
Fjármögnunarhreyfingar		(700.000)	(1.716.600)
Handbært fé í ársbyrjun		279.418	676.606
Breyting handbærs fjár		(267.508)	(397.188)
Handbært fé í árslok		11.910	279.418

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Veðskuld slhf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt samlagshlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er Borgartún 25, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er fjárfesting í veðskuldabréfum, kaup og sala fjármálagerna, lánstarfsemi og annar skyldur rekstur.

2. Skattamál

Félagið er ekki sjálfstæður skattaðili og engin skattlagning er á úthlutun hagnaðar.

Reikningsskilaaðferðir

3. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur um upplýsingar samkvæmt lögum nr. 3/2006 um ársreikninga.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn með undirritun sinni þann 28. mars 2019.

b. Grundvöllur matsaðferða

Ársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að verðbréf með breytilegum tekjum eru metin á gangvirði.

c. Framsetningar- og starfsrækslugjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfsrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Rekstrarhæfi

Stjórnendur og stjórn félagsins hafa metið hvort félagið hafi getu til áframhaldandi rekstrar og er það skoðun þeirra að svo sé. Þar af leiðandi er ársreikningurinn gerður miðað við þá forsendu að félagið sé rekstrarhæft.

e. Mat stjórnenda í reikningsskilunum

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaða krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

f. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Félagið innleiddi IFRS 9 þann 1. janúar 2018. Félagið hefur ekki breytt mikilvægum reikningsskilaaðferðum frá þeim sem var beitt við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2017. Vegna þess hvaða innleiðingaraðferð varð fyrir valinu hjá félaginu við beitingu IFRS 9 þá hafa samanburðarfjárhæðir í ársreikningnum ekki verið uppfærðar með tilliti til krafna staðlanna.

Innleiðingin á þessum staðli leiddi til þess að viðbótar skýringum var bætt við ársreikninginn.

IFRS 9 inniheldur kröfur varðandi skráningu og mat á fjáreignum, fjárskuldum og sumum samningum varðandi kaup eða sölu á ófjárhagslegum gæringum. Staðallinn kemur í stað IAS 39 Fjármálagerna: Skráning og mat. Kröfur IFRS 9 fela í sér talsverðar breytingar frá IAS 39. Nýi staðallinn gerir grundvallarbreytingar á reikningsskilalegri meðhöndlun fjáreigna og á tilteknum atriðum er varða reikningsskilalega meðhöndlun fjárskulda.

Innleiðing IFRS 9 hefur ekki áhrif á færslu eða mat fjáreigna félagsins.

g. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum félagsins krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerna og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar félagið markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggja slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja við þá niðurstöður að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið.

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

h. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samanstanda af vöxtum og verðbótum langtímakrafna og skuldabréfalána. Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning miðað við aðferð virkra vaxta. Virkir vextir eru þeir vextir sem afvaxta vænt framtíðar sjóðstreymi yfir áætlaðan líftíma fjármálagerningsins til bókfærðs heildarvirðis fjáreignarinnar eða afskrifaðs kostnaðarverðs fjárskuldarinnar.

i. Umsýsluþókkun

Félagið greiðir Júpiter rekstrarfélagi hf. umsýsluþókkun sem ætlað er að standa undir rekstrarkostnaði og umsýslu vegna þess. Umsýsluþókkun er tilgreind sérstaklega í reglum sjóðsins.

Skýringar

- j. Langtímakröfur
Langtímakröfur samstanda af skuldabréfaeign og lánasamningum. Langtímakröfur eru eignfærðar í efnahagsreikningi á nafnvirði að viðbættum verðbótum og áföllnum vöxtum.
- k. Verðbréf
Hlutdeildarskírteini í sjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gildi á markaðnum í lok tímabilsins.
- l. Handbært fé
Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.
- m. Langtímaskuldir
Skuldabréfalán eru færð með áföllnum verðbótum á reikningsskiladegi. Áfallnir vextir eru færðir meðal skammtímaskulda.

Skýringar frh.

Reikningsskilaaðferðir

4. Fjáreignir

a. Skráning

Upphafleg skráning hjá félaginu á útlánum og kröfum, innlánunum og útgefnum skuldagerningum og er á þeim degi þegar til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru upphaflega skráðar á viðskiptadegi, sem er sá dagur sem félagið verður aðili að samningsákvæðum gerningsins.

b. Flokkun

Fjáreignir - Aðferð sem beitt er frá 1. janúar 2018

Fjáreignir félagsins eru flokkaðar í annan af tveim flokkum, það er annað hvort á afskrifuðu kostnaðarverði eða á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Aðferðin við að meta einstaka fjáreign er ákvörðuð út frá mati á einkennum stjórðstremis þeirra og því viðskiptalíkani sem þeim er stýrt með.

Fjáreignir á afskrifuðu kostnaðarverði

Fjáreign er metin á afskrifuðu kostnaðarverði ef samningsskilmálar fjáreignarinnar ákvarða tímasetningu stjórðstremis sem samanstendur aðeins af greiðslum af höfuðstól og vöxtum og eignin tilheyrir viðskiptalíkani sem hefur það markmið að halda eignum til að innheimta samningsbundið stjórðstremi. Eftir upphaflega skráningu þá eru fjáreignir í þessum flokki metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Áfallnar vaxtatekjur eru færðar með vaxtatekjum í rekstrarreikningi. Meirihluti af skuldabréfum og lánunum félagsins eru metin á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta. Vextir af útlánunum eru færðar sem vaxtatekjur.

Afskriftareikningur fjáreigna sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eru reiknuð út með aðferð vænts útlánataps. Bókfært virði lána sem metin eru á afskrifuðu kostnaðarverði í efnahag tekur tillit til frádráttar vegna afskriftareiknings.

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL)

Fjáreignir tilskildar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (FVTPL) eru allar aðrar fjáreignir en þær sem metnar eru á afskrifuðu kostnaðarverði.

Fjáreignir tilgreindar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning samstanda af verðbréfum með breytilegum tekjum.

Mat á viðskiptalíkani

Félagið metur markmið viðskiptalíkansins, sem fjáreignin tilheyrir, á eignasafnsstigi þar sem það sýnir best hvernig rekstrinum er stýrt og hvernig upplýsingagjöf til stjórnenda er háttáð. Upplýsingar sem horft er til eru meðal annars:

- stefnur og markmið stjórnenda fyrir eignasafnið og raunveruleg framkvæmd á stefnunum. Einkum hvort stefna stjórnenda miðist við að afla samningsbundinna vaxtatekna, viðhalda tilteknu vaxtastigi, para saman tímallengd fjáreignanna og tímallengd skuldanna sem fjármagna eignirnar eða innleysa stjórðstremi með sölu eignanna;
- aðferðir við mat á afkomu eignasafna og upplýsingagjöf þar um til stjórnenda;
- helstu áhættur sem hafa áhrif á viðskiptalíkanið (og þær fjáreignir sem tilheyra því viðskiptalíkani) og áhættustýringaraðgerðir til að sporna gegn þeim;
- hvernig stjórnendum er umbunað - til dæmis hvort umbunun byggir á gangvirði eigna sem þeir stýra eða innheimtu samningsbundins stjórðstremis; og
- tíðni, magn og tímasetning sölu fjáreigna á fyrri tímabilum, ástæður fyrir slíkum sölum og væntingar um framtíðarsölu. Upplýsingar um sölu eru ekki metnar einar og sér heldur með hliðsjón af öðrum þáttum við mat á því hvernig yfirlýstu markmiði félagsins varðandi stýringu fjáreignanna er framfylgt og hvernig stjórðstremi eru innlest.

Fjáreignir sem eru veltufjáreignir eða stýrt og eru mældar með tilliti til afkomu á gangvirðisgrunni eru metnar á gangvirði í gegnum rekstrarreikning þar sem þeim er hvorki haldið til að innheimta samningsbundið stjórðstremi né heldur til að innheimta bæði samningsbundið stjórðstremi og til sölu.

Skýringar frh.

4. Fjáreignir, frh.

Mat á samningsbundnu sjóðstreymi

Fjáreignir sem eru hluti af viðskiptalíkönunum og haldið til innheimtu og sölu eru yfirfarnar til að meta hvort samningsbundið sjóðstreymi þeirra samanstandur einungis af greiðslu höfuðstóls og vaxta (SPPI). SPPI greiðslur eru þær sem eru í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag. Höfuðstóll er skilgreindur sem gangvirði fjáreigninnar við upphaflega skráningu og getur tekið breytingum yfir líftíma gerninganna, til dæmis vegna afborgana. Vextir eru skilgreindir sem endurgjald vegna tímavirðis peninga og útlánaáættu er tengist útistandandi höfuðstól yfir tiltekið tímabil og vegna annarrar grundvallar útlánaáættu (væntu tapi, lausafjáraáættu og umsýslukostnaði), auk hagnaðarhlutfalls.

Í þeim tilfellum þar sem samningsbundnir skilmála fela í sér möguleika á annarri áhættu eða kynnu að breyta sjóðstreyminu á þann hátt að það væri ekki í samræmi við einfalt lánaþyrirkomulag, þá er fjáreignin flokkuð og metin á gangvirði gegnum rekstrarreikning.

Endurflokkun

Fjáreignir eru ekki endurflokkaðar eftir upphaflega skráningu, nema á því tímabili þar sem félagið breytir viðskiptalíkani sínu og ef sú breyting er marktæk hvað starfsemi félagsins varðar.

Fjáreignir - Aðferð sem beitt var fyrir 1. janúar 2018

Fjáreignir félagsins samanstanda af útlánunum og kröfum.

Útlán og kröfur

Fjáreignir, aðrar en afleiður, sem hafa fastar eða ákvarðanalegar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði voru flokkaðar sem útlán og kröfur.

Fjáreignir flokkaðar sem útlán og kröfur voru handbært fé, útlán og viðskiptakröfur.

Fjáreignir sem voru flokkaðar sem útlán og kröfur voru upphaflega færðar á gangvirði, sem er að öllu jöfnu jafnt kostnaðarvirði, þ.e. handbært fé sem látið er af hendi að viðbættum viðskiptakostnaði. Í framhaldinu voru þær metnar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Áfallnir vextir voru, í tilfelli vaxtaberandi eigna, meðtaldir í bókfærðu virði á efnahagsreikningi. Vaxtatekjur voru færðar meðal vaxtatekna í rekstrarreikningi.

Fjárskuldir

Skráning

Lántökur, skuldabréf og skuldir eru færðar á þeim degi sem til þeirra er stofnað. Allar aðrar fjárskuldir, þ.m.t. skuldir metnar á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru upphaflega færðar á þeim viðskiptadegi þegar félagið gerist aðili að samningsbundnum ákvæðum fjármálagerðingsins.

Flokkun

Félagið flokkar allar fjárskuldir sem aðrar fjárskuldir á afskrifuðu kostnaðarvirði.

Afskráning

Fjáreignir

Fjáreign er afskráð þegar samningsbundinn réttur til sjóðstreymis af eigninni rennur út, eða þegar félagið flytur réttinn til samningsbundins sjóðstreymis í tengslum við fjáreignina í viðskiptum sem flytja í reynd alla áhættu og ávinning af því að eiga eignina. Sérhver hlutdeild í yfirfærðri fjáreign sem verður til eða félagið heldur eftir er skráð sem sérstök eign eða skuld.

Fjárskuldir

Fjárskuldir eru afskráðar þegar samningsbundnar skyldur félagsins eru uppfylltar, felldar niður eða fallnar úr gildi.

5. Jöfnun fjáreigna og fjárskulda

Fjáreignum og fjárskuldum er jafnað saman og hrein fjárhæð færð í efnahagsreikning þegar og aðeins þegar lagalegur réttur félagsins er til staðar um jöfnun og fyrirhugað er að gera upp með jöfnun fjáreigna og fjárskulda eða innleysa eignina og gera upp skuldina á sama tíma.

Skýringar frh.

6. Virðisrýrnun

Almennt

IFRS 9 felur í sér að skipt er út IAS 39 líkaninu sem byggir á orðnum útlánatöpum með líkani sem byggir á væntum útlánatöpum (ECL). Innleiðing IFRS 9 hafði umtalsverð áhrif á þá aðferðarfræði sem félagið beitir við útreikning virðisrýrnunar. Tvær helstu ástæðurnar fyrir þessum áhrifum eru, annars vegar, að virðisrýrnunarlíkanið í IFRS 9 er ætlað að endurspeglar vænt útlánatap í stað IAS 39 líkansins sem byggir á orðnum útlánatöpum, og hins vegar, að samkvæmt IFRS 9 þá á virðisrýrnun að endurspeglar líkindavegið meðaltal mögulegra niðurstaðna á meðan IAS 39 gerði ráð fyrir að byggt yrði á þeirri niðurstöðu sem var líklegust.

Aðferð sem beitt er frá og með 1. janúar 2018

Vænt útlánatap

Þann 1. janúar 2018 tók félagið í notkun þriggja þrepa líkan um vænt útlánatap sem er hluti af IFRS 9. Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fer eftir því hvort veruleg aukning hefur orðið á útlánaáættu frá upphafsskráningu. Hafi ekki orðið veruleg aukning á útlánaáættu jafngildir afskriftn væntu útlánatapi sem leiðir af vanskilum sem eru líkleg á næstu 12 mánuðum (þrep 1). Ef útlánaáættan hefur hækkað verulega, ef lánið er í yfir 30 daga í vanskilum, ef að forsendur lántaka breytast eða ef það verður önnur veruleg breyting á skilmálum þá flokkast lán í þrep 2. Ef lánið er gjaldfallið eða á annan hátt virðisrýrt, þá er afskriftn jöfn væntu útlánatapi út líftíma (þrep 2 og 3).

Afskriftarreikningur vegna vænts útlánataps fyrir útlán og kröfur eru ekki metnir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning:

IFRS 9 gerir ráð fyrir þrem mismunandi aðferðum eftir því um hvers konar eign eða áhættuskuldbindingu er að ræða:

1. Vegna viðskiptakrafna eða sambærilegra eigna þar sem ekki er um að ræða umtalsverða fjármögnun má beita einfaldri (vænt tap yfir líftíma) aðferð.
2. Vegna eigna sem eru virðisrýrðar við kaup eða skráningu þá skal beita aðferð sem tekur tillit til vænts taps yfir líftíma.
3. Vegna annarra eigna/áhættuskuldbindinga skal beita almennri (þriggja þrepa) aðferð.

Almenna aðferðin

Félagið reiknar vænt útlánatap á hverjum reikningsskiladegi sem byggir á þremur þrepum.

Þrep 1 nær yfir fjáreignir þar sem útlánaáætta hefur ekki aukist verulega frá upphaflegri skráningu eða (þar sem valkvæðri einföldun vegna lágrar útlánaáættu hefur verið beitt) eru með lága útlánaáættu.

Þrep 2 nær yfir fjáreignir þar sem marktæk lækkun hefur orðið á útlánagæðum frá upphaflegri skráningu (nema þar sem einföldun vegna lágrar útlánaáættu hefur verið beitt og er viðeigandi) en ekki eru til staðar hlutlægar vísbendingar um útlánatap.

Þrep 3 nær yfir fjáreignir þar sem hlutlægar vísbendingar um útlánataps atburð eru til staðar á reikningsskiladegi.

12 mánaða vænt útlánatöp eru færð undir þrepi 1 en vænt útlánatöp út líftíma eru færð undir þrepi 2 og 3. IFRS 9 gerir greinarmun á milli fjármálagerninga þar sem útlánagæði hafa ekki lækkað marktækt frá upphaflegri skráningu og þeim þar sem þau hafa gert það. 12 mánaða vænt útlánatöp eru færð í fyrstu tvo framangreindra flokka. Vænt útlánatöp út líftíma eru færð í annan af framangreindu flokkunum. Útreikningar á væntu útlánatapi byggja á mati á útlánatöpum yfir væntan líftíma fjármálagerningsins.

Eign færast úr 12 mánaða væntu útlánatapi yfir í vænt útlánatap út líftíma þegar um er að ræða marktæka lækkun í útlánagæðum frá upphaflegri skráningu. Þar af leiðandi byggja mörkin milli 12 mánaða og líftíma tapa á breytingu í útlánaáættu en ekki áhættunni á reikningsskiladegi.

Einnig er til staðar mikilvæg rekstrarleg einföldun sem heimilur félögum að vera flokkuð í 12 mánaða væntu útlánatapi ef heildar útlánaáættan er lág. Þetta á einnig við þó að útlánaáætta hafi aukist marktækt.

Þrep 3 er einnig til staðar. Það á við um eignir þar sem til staðar eru hlutlægar vísbendingar um virðisrýrnun (að stofni til jafnt og hlutlæg vísbending um orðið tap samkvæmt IAS 39). Vænt útlánatap á þrepi 3 byggir enn á væntu útlánatapi út líftíma en útreikningur vaxtatekna er framkvæmdur á annan hátt.

Útreikningur á væntu útlánatapi

Vænt útlánatöp

Vænt útlánatöp eru skilgreind sem mismunurinn á milli alls samningsbundins sjóðstreymis sem félagið á að fá og þess sjóðstreymis sem það gerir ráð fyrir að móttaka (sú fjárhæð sem vantar upp á). Þessi munur er núvirtur með upphaflegu virku vöxtunum (eða virkum vöxtum sem hafa verið aðlagðir að útlánaáættu þegar um er að ræða keypt eða skráðar fjáreignir sem eru virðisrýrðar).

12 mánaða vænt útlánatöp

12 mánaða vænt útlánatöp eru hluti af væntum útlánatöpum út líftíma. Þau eru reiknuð með því að margfalda líkurnar á því að vanskil eigi sér stað á komandi 12 mánuðum með samtals (líftíma) væntu útlánatapi sem myndu leiða af vanskilunum. Þau eru ekki það sama og það reiðufé sem mun vanta upp á yfir komandi 12 mánuði. Þau eru ennfremur ekki þau útlánatöp á fjármálagerningum sem er raunverulega spáð að lendi í vanskilum á komandi 12 mánuðum.

Vænt útlánatöp út líftíma

Vænt útlánatöp út líftíma eru jöfn og það sem vantar upp á í samningsbundnu sjóðstreymi, að teknu tilliti til möguleikans á vanskilum á hverjum tíma á líftíma fjármálagerningsins.

Skýringar frh.

6. Virðisrýrnun

Skilgreiningin á vanskilum

Fjáreign er skilgreind í vanskilum af félaginu ef að eitt af eftirfarandi á við:

- lántakinn er kominn 60 daga fram yfir gjalddaga
- lántakinn er skráður á vanskilaskrá hjá Creditinfo;
- lántakinn er á skrá opinberra aðila yfir þá sem hafa lagt fram gjaldprotabeiðni, hafa hætt starfsemi eða eru ekki lengur rekstrarhæfir;
- lántakinn er álitinn ólíklegur til að greiða samkvæmt mati áhættustýringar félagsins. Samkvæmt mati áhættustýringar þá eru neðangreindir atburðir á lista þeirra yfir atburði sem eru líklegir til að leiða til vanskila:
 - brot á skilmálum lánaskuldbindinga
 - eftirgjöf lána eða endurskipulagning
- lántakinn hefur verið í vanskilum samkvæmt ofangreindu á einhverjum tíma á undanförunum þrem mánuðum.

Áhættustýring félagsins getur endurskilgreint flokkun ef eftirfarandi á við:

- ástæða vanskila er þekkt af félaginu og er ekki metinn sem skortur á vilja eða getu til að greiða.
- endurfjármögnun áhættuskuldbindingar lántakans er ráðgerð og hefur verið staðfest.

7. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður (tap) á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar (taps), sem ráðstafað er til hluthafa, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður (tap) á hlut er hinn sami og grunnhagnaður (tap) á hlut, þar sem ekki hafa verið gefnir út kaupréttir og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

8. Starfsþáttayfirlit

Félagið lítur á núverandi starfsemi sem einn starfsþátt og birtir því ekki starfsþáttayfirlit.

9. Nýir reikningsskilastaðlar

Félagið hefur tekið upp alla alþjóðlega reikningsskilastaðla, breytingar á þeim og tülkanir sem Evrópusambandið hefur staðfest og hafa tekið gildi fyrir árið 2018 eða fyrr og eiga við um starfsemi þess. Félagið hefur ekki tekið upp staðla, breytingar á stöðlum eða tülkanir sem taka gildi eftir lok árs 2018, en heimilt er að taka upp fyrr.

Alþjóðlegur reikningsskilastaðall (IFRS) 16 leigusamningar, sem tekur gildi fyrir reikningsár sem byrjar 1. janúar 2019 eða síðar, setur fram yfirgripsmikinn ramma um leigusamninga. Áhrif upptöku, breytinga og túlkana á reikningsskil félagsins hefur verið metin og hefur enginn áhrif.

Skýringar frh.

Rekstrarreikningur

10. Þóknun endurskoðanda

	2018	2017
Þóknun endurskoðanda félagsins greinist þannig, fjárhæðir eru með virðisaukaskatti:		
Endurskoðun ársreiknings	299	815
Þóknun endurskoðanda	299	815

11. Hagnaður á hlut

	31.12.2018	31.12.2017
Hagnaður á hlut reiknast sem hér segir:		
(Tap) hagnaður ársins	(25.580)	369.496
Hlutfé í ársbyrjun	4.000	4.000
Vegð meðaltal fjölda hluta á árinu	4.000	4.000
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut, í krónum	-6,40	92,37

Efnahagur

12. Langtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Langtímakröfur og afborganir næstu ár sundurliðast með eftirfarandi hætti:		
Langtímakröfur, verðtryggðar, vextir 4,2%-5,2%	7.483.788	7.991.700
Langtímakröfur samtals, þar með talið næsta árs afborgun	7.483.788	7.991.700
Næsta árs afborgun	(172.309)	(268.475)
Langtímakröfur samtals	7.311.479	7.723.225
Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:		
Afborgun ársins 2019 / 2018	172.309	268.475
Afborgun ársins 2020 / 2019	188.918	268.475
Afborgun ársins 2021 / 2020	196.329	268.475
Afborgun ársins 2022 / 2021	204.092	268.475
Afborgun ársins 2023 / 2022	212.225	268.475
Afborgun síðar	6.509.914	6.649.324
Langtímakröfur samtals	7.483.788	7.991.700

Til tryggingar endurgreiðslu langtímakrafna hafa lántakendur veitt Veðskuld slhf. veð í eignum, þar með talið fasteignum, áhöldum og tækjum og vörumerkjum.

13. Verðbréf með breytilegum tekjum

	31.12.2018	31.12.2017
Verðbréf með breytilegum tekjum greinast sem hér segir:		
Júpíter lausafjár sjóður	375.570	0

Skýringar frh.

14. Eigið fé

	31.12.2018	31.12.2017
a. Hlutfé		
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	4.000	4.000
Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.		
b. Yfirverðsreikningur eigin fjár		
Yfirverðsreikningur hlutfjár sýnir það sem hluthafar félagsins hafa greitt umfram nafnverð hlutfjár sem félagið hefur selt.		
c. Lögbundinn varasjóður		
Samkvæmt lögum um hlutfélög skal félagið binda 25% af nafnverði hlutfjár í varasjóði, sem ekki má nota til að greiða hluthöfum arð. Við færslu í lögbundinn varasjóð skal ráðstafa 10% af hagnaði ársins þar til 10% af nafnverði hlutfjár er náð og eftir það 5% af hagnaði ársins þar til 25% af nafnverði hlutfjár er náð. Eftir það er ekki krafist frekari færslu í lögbundinn varasjóð.		
d. Óráðstafað eigið fé		
Óráðstafað eigið fé sýnir uppsafnaðan hagnað félagsins að frádregnu framlagi í lögbundinn varasjóð og arðgreiðslum. Óráðstöfuðu eigin fé er unnt að ráðstafa til hluthafa í formi arðgreiðslna.		
e. Eiginfjárlutfall		
Eigið fé	382.828	408.408
Eiginfjárlutfall	4,8%	4,9%

15. Skuldabréfaútgáfa

Félagið hefur gefið út skuldabréfaflokk sem skráður er í Kauphöll Íslands, NASDAQ OMX Iceland hf. Flokkurinn hefur auðkennið VEDS2 17 01 og er verðtryggt jafngreiðslubréf með 3,75% föstum ársvöxtum.

	31.12.2018	31.12.2017
Skuldabréfaútgáfan greinist þannig:		
Skuldabréf, verðtryggt ISK, fastir 3,5% vextir	7.505.857	7.967.781
Skuldabréfaútgáfan samtals	7.505.857	7.967.781

Allar eignir félagsins eru til tryggingar greiðslu skuldabréfalána félagsins.

Annað

16. Viðskipti við tengda aðila

Viðskipti milli Veðskuldar slhf. og rekstrarfélags þess og félaga tengdum því uppfylla skilyrði skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila. Skilmálar og skilyrði þessa viðskipta voru ákveðin í samræmi við markaðsstaðla og venjur. Í eftirfarandi töflu kemur fram fjárhæð þessa viðskipta og staða eigna og skulda í árslok 2018 og 2017.

Engin viðskipti sem uppfylla skilgreiningar um viðskipti við tengda aðila voru við stjórnarmenn eða aðila þeim nátengdum fjölskylduböndum, eða fyrirtækja í þeirra eigu á árunum 2018 og 2017.

Félagið stundar almenn bankaviðskipti hjá Kviku banka hf. Viðskiptakjör eru í öllum tilfellum eins og um ótengda aðila væri að ræða. Ekki er um að ræða önnur viðskipti við tengda aðila.

31.12.2018	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Kvika banki hf.	2.362	(15.000)	11.910	0
Júpíter rekstrarfélag hf.	0	(24.836)	375.570	(2.100)
Rekstrarfélag Virðingar hf.	0	0	0	(256)
Samtals	2.362	(39.836)	387.480	(2.356)
31.12.2017	Tekjur	Gjöld	Eignir	Skuldir
Kvika banki hf.	0	0	0	(54)
Júpíter rekstrarfélag hf.	0	(2.097)	0	(2.097)
Rekstrarfélag Virðingar hf.	0	(27.131)	0	(256)
Samtals	0	(29.228)	0	(2.407)

Skýringar frh.

Áhættustýring

17. Áhættustýring

- a. Markmið
Markmið með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættur, setja viðmið um áhættur og hafa eftirlit með þeim.
- b. Uppbygging
Stjórn Veðskuldar slhf. ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu félagsins. Stjórnin hefur falið framkvæmdastjóra félagsins umsjón með daglegri áhættustýringu.
- c. Tegundir áhættu
Starfsemi félagsins felur einkum í sér eftirfarandi áhættuþætti:
- Útlánaáhætta
 - Lausafjárahætta
 - Markaðsáhætta

18. Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar eða tryggingar viðskiptamanna nægja ekki til að mæta skuldbindingum þeirra.

Lánsáhætta ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra skuldara, auk stöðu þeirra atvinnugreina sem stærstu viðskiptavinir félagsins starfa í. Um 11% af langtímakröfum í árslok er vegna stærsta skuldara félagsins.

Félagið hefur sett sér reglur og fjárfestingarstefnu um lánsviðskipti. Framkvæmd er ítarleg könnun á lánstrausti nýrra lántakenda.

Félagið veitir lán gegn veðum í eignum.

19. Veðhlutfall

- a. Almennt
Veðhlutfall (LTV) lýsir hámarks áhættuskuldbindingu útlánaáhættu sem hlutfall af heildarverðmati trygginga, ef þær eru til staðar. Almennt láns hæfi viðskiptavinar er álitinn áreiðanlegasti mælikvarði á gæði útlánsins. Verðmat á mótteknum veðum vegna lánveitinga er þar af leiðandi ekki uppfært nema að láns hæfismat lántakandans versnar.
- b. Sundurliðun
Sundurliðun á lánum eftir veðhlutfalli er sem hér segir:

	2018	%
25-50%	560.037	7,5%
50-75%	6.043.402	80,8%
75-100%	880.349	11,8%
Samtals	7.483.788	100%

20. Hámarks útlánaáhætta

Hámarksáhætta vegna útlánataps vegna fjármálagerninga sem lúta virðisrýrnunarkröfum IFRS 9, bæði innan og utan efnahagsreiknings, áður en tekið er tillit til trygginga eða annarra liða sem milda útlánaáhættuna, skiptist sem hér segir:

	2018	2017
Langtímakröfur	7.311.479	7.723.225
Næsta árs afborgun langtímakrafna	172.309	268.475
Aðrar skammtímakröfur	30.422	129.252
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	11.910	279.418
Samtals	7.526.120	8.400.370

Fjáreignir félagsins eru ekki niðurfærðar í árslok 2018 og 2017 þar sem ekki er metin tapshætta vegna þeirra.

Skýringar frh.

21. Útlánagæði fjáreigna

Töflurnar hér að neðan sýna fjáreignir sem lúta niðurfærslukröfum IFRS 9, lánsþæfiseinkunn safnsins er metin á 1.stigi sem er flokkur lítillar áhættu. Lítlar líkur eru á vanskilum fyrir þessi lán og þar að leiðandi er engin niðurfærsla er tekin á útlánum.

a. Útlánagæði fjáreigna skipt eftir stigum sundurliðast sem hér segir:

31.12.2018

Útlán:	Þrep 1	Þrep 2	Þrep 3	Gangvirði í gegnum rekstur	Samtals
Lánsþæfiseinkunn, 1.stig	7.433.134	50.654	0	0	7.483.788
Bókfært heildarvirði	7.433.134	50.654	0	0	7.483.788
Vænt útlánatap	0	0	0	0	0
Bókfært virði	7.433.134	50.654	0	0	7.483.788

22. Útlánagæði fjáreigna

Það voru engar tilfærslur á milli þrepa á árinu.

Skipting fjáreigna eftir útlánagæðum, skv. IAS 39, er eftirfarandi:

	Heildarvirði	Frá dregst sértækur afskrifta-reikningur	Frá dregst almennur afskrifta-reikningur	Bókfært virði
31.12.2017				
Skuldabréfaeign	7.991.700			7.991.700
Samtals	7.991.700	0	0	7.991.700

23. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að félagið geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Félagið stýrir lausafé á þann hátt að tryggt sé, eins og hægt er, að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla, hvort sem er undir venjulegum og óvenjulegum kringumstæðum, án þess að verða fyrir óásættanlegu tapi og forðast að skaða orðspor félagsins.

Félagið fylgist með lausafjástöðu sinni með greiningu á gjalddaga fjáreigna og fjárskulda til að geta endurgreitt allar skuldir á gjalddaga og viðhefur vinnubrögð sem tryggja að til staðar sé nægjanlegt laust fé til að geta mætt fyrirsjáanlegum og ófyrirséðum greiðsluskuldbindingum.

Lausafjárstaða félagsins var sterk í árslok 2018 og stjórnendur þess telja að félagið sé í góðri stöðu til að mæta skuldbindingum sínum þegar þær falla á gjalddaga.

24. Eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda

Samningsbundinn eftirstöðvatími fjáreigna og fjárskulda, að meðtöldum væntum vaxtagreiðslum, sundurliðast sem hér segir:

2018	0-12 mánuðir	1-2 ár	2-5 ár	Meira en 5 ár	Umsamið sjóðstreymi	Bókfært virði
Fjáreignir						
Handbært fé	11.910				11.910	11.910
Verðbréf með breytilegum tekjum	375.570				375.570	375.570
Aðrar skammtímakröfur	30.422				30.422	30.422
Skuldabréfaeign	453.856	525.365	1.567.209	10.261.686	12.808.116	7.483.788
Samtals	871.758	525.365	1.567.209	10.261.686	13.226.018	7.901.690
Fjárskuldir						
Skuldabréfaútgáfa	264.630	264.630	793.890	13.845.813	15.168.963	7.505.857
Áfallnir vextir	10.527	0	0	0	10.527	10.527
Aðrar skammtímaskuldir	2.478				2.478	2.478
Samtals	277.635	264.630	793.890	13.845.813	15.181.968	7.518.862
Hreinar fjáreignir (fjárskuldir)	594.123	260.735	773.319	(3.584.127)	(1.955.950)	382.828

Skýringar frh.

25. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla og vaxta hafi áhrif á afkomu félagsins eða virði fjármálagerna. Markmið með stýringu markaðsáhattu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður. Markaðsáhætta félagsins samanstendur af vaxtaáhættu.

Skuldabréfalán félagsins er verðtryggt með föstum vöxtum.

26. Flokkun fjármálagerna

Flokkun fjármálagerna samkvæmt IFRS 9 er sem hér segir:

2018	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	
		Bókfært virði	Bókfært virði
Skuldabréfaeign	7.311.479		7.311.479
Næsta árs afborgun langtímakrafna	172.309		172.309
Verðbréf með breytilegum tekjum		375.570	375.570
Aðrar skammtímakröfur	30.422		30.422
Handbært fé	11.910		11.910
Samtals	7.526.120	375.570	7.901.690

	Lán og kröfur	Tilskilið á gangvirði í gegnum rekstrar- reikning	
		Bókfært virði	Bókfært virði
Skuldabréfalán	(7.505.857)		(7.505.857)
Áfallnir vextir	(10.527)		(10.527)
Viðskiptaskuldir	(2.478)		(2.478)
Samtals	(7.518.862)		(7.518.862)

Flokkun fjármálagerna samkvæmt IAS39 er sem hér segir:

2017	Lán og kröfur	Aðrar fjáreignir	Bókfært virði
Skuldabréfaeign	7.723.225		7.723.225
Næsta árs afborgun langtímakrafna	268.475		268.475
Verðbréf með breytilegum tekjum	0		0
Aðrar skammtímaskuldir	129.252		129.252
Handbært fé	279.418		279.418
Samtals	8.400.370	0	8.400.370

	Lán	Aðrar fjárskuldir	Bókfært virði
Skuldabréfalán	(7.967.781)		(7.967.781)
Áfallnir vextir	(11.620)		(11.620)
Aðrar skammtímaskuldir	(12.562)		(12.562)
Samtals	(7.991.962)	0	(7.991.962)

Yfirlýsing um stjórnarhætti - óendurskoðað

Með þessari yfirlýsingu um stjórnarhætti Veðskuldar slhf. er félagið að fylgja þeim kröfum sem koma fram í viðurkenndum leiðbeiningum sem eru til staðar á þeim tíma sem ársreikningur þessi er samþykktur af stjórn félagsins og ákvæðum 7. mgr. 54. gr. laga nr. 161/2002. Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfa frá árinu 2015, útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Iceland hf. voru sérstaklega hafðar til hliðsjónar þegar yfirlýsing um stjórnarhætti Veðskuld slhf. var samín. Leiðbeiningarnar eru aðgengilegar á heimasíðu Viðskiptaráðs Íslands, <http://www.vi.is>.

Veðskuld slhf. er samlagshlutafélag og starfar skv. lögum nr. 2/1995 um hlutafélög. Tilgangur félagsins er fjárfestingarstarfsemi í samræmi við fjárfestingarstefnu félagsins, lánastarfsemi, kaup og sala á fjármálagerningum, eignarhald og rekstur fasteigna, og önnur skyld starfsemi. Helstu fjárfestingar félagsins tengjast fjármögnun á fyrirtækjum. Veðskuld slhf. er skráð sem fagfjárfestastjóður og sér Júpiter rekstrarfélag um daglegan rekstur þess samkvæmt samning þar um. Fjármálaeftirlitið hefur jafnframt eftirlit með starfsemi Veðskuld slhf. eins og lög gera ráð fyrir. Yfirlit um viðkomandi lög og reglur um starfsemi rekstrarfélaga verðbréfasjóða og fagfjárfestastjóða má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is>.

Enginn eiginlegur rekstur á sér stað hjá Veðskuld slhf. og hefur félagið enga starfsmenn. Þannig er framkvæmdarstjóri félagsins starfsmaður Júpiter rekstrarfélags hf. Aðalfundur skal boðaður með tveggja vikna fyrirvara en ekki tveimur mánuðum fyrir lok reikningsársins. Stjórn félagsins framkvæmir ekki árangursmat. Ekki er til skrifleg starfslýsing stjórnarformanns utan það sem fram kemur í samþykktum. Þá starfrækir stjórn ekki undirnefndir.

Rekstraraðili sér um að finna og greina fjárfestingartækifæri.

Innra eftirliti er útvistað, sbr. 17. gr. laga nr. 128/2011, með leyfi Fjármálaeftirlitsins. Það á við um regluvörslu, áhættustýringu og innri endurskoðun. Virk áhættustýring og innra eftirlit eru mikilvægir þættir í rekstri félagsins.

Gildi félagsins hafa ekki verið skilgreind umfram það að félagið fjárfesti í samræmi við markmið og markaðsaðstæður hverju sinni.

Félagið hefur ráðgjafaráð um hagsmunaárekstra sem skal skipað þremur fulltrúum kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Hlutverk ráðgjafaráðs er að veita rekstraraðila ráðgjöf við að meta hagsmunaárekstra sem mögulega kunna að koma upp við fjárfestingar félagsins gagnvart rekstraraðila ásamt öðrum þáttum sem rekstraraðili óskar eftir.

Ábyrgðaraðili Veðskuldar slhf. er Veðskuld GP ehf.

Stjórn Veðskuld slhf. skipa:

Ragnar Páll Dyer, stjórnarformaður
Íris Arna Jóhannsdóttir, meðstjórnandi
Ólöf Jónsdóttir, meðstjórnandi

Jónas Reynir Gunnarsson, framkvæmdastjóri. Jónas er fæddur 20. febrúar 1980. Hann er viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík og hefur lokið prófi í verðbréfavíðskiptum. Starfaði sem sjóðstjóri hjá Virðingu verðbréfafyrirtæki frá 2006-2011. Starfaði sem forstöðumaður eignastýringar frá árinu 2011-2014. Var framkvæmdastjóri eignastýringu Virðingar frá árinu 2014 til 2017. Hóf störf hjá Júpiter í lok árs 2017 sem sjóðstjóri yfir blandaðri stýringu félagsins.

Engar kvartanir eða athugasemdir hafa borist Veðskuldar slhf. frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávirðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

Veðskuld slhf. er með skuldabréf skráð í kauphöll og birtir upplýsingar um starfsemi sína í samræmi við reglur kauphallar. Á aðalfundum er farið yfir starfsemi félagsins og ennfremur kallað til hluthafunda ef ástæða er til.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf - óendurskoðað

Veðskuld slhf. er fagfjárfestastjóður á samlagshlutafélagaformi og hefur það markmið að fjárfesta í fjármálagerningum tengdum fjármögnun fyrirtækja. Hjá félaginu er enginn eiginleg starfssemi heldur er félagið með rekstrarsamning við Júpíter rekstrarfélag hf. sem jafnframt skipar félaginu framkvæmdastjóra. Það er því enginn starfsmaður hjá Veðskuld slhf. Þar sem starfsemi félagsins er mjög takmörkuð hefur það ekki sett sér sérstakar stefnur í umhverfis-, samfélags- og starfsmannamálum heldur fylgir félagið sömu stefnu og rekstraraðili fer eftir, sjá nánar www.jupiter.is. Varðandi málefni tengdum spillingu, mútum og mannréttindum að þá fylgir félagið jafnframt sömu reglum og rekstraraðili sem hefur starfsleyfi frá FME og hefur sett sér reglur varðandi m.a. hagsmunaaðrekstra og aðra þætt líkt og kveðið er á um í lögum þar um. Nánar má sjá reglur og upplýsingar um starfsemi Júpíter rekstrarfélag hf. á heimsíðu félagsins www.jupiter.is.